

Samfélagsgreinar 10. bekkur (2022-2023)

Kennarar: Hrund Malín Þorgeirsdóttir

10

Lýsing

Samfélagsgreinar í 10. bekk.

Saga, landafræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, heimspeki, þjóðfélagsfræði og umhverfismennt

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Fyrirkomulag kennslu byggist einna helst á verkefna- og sjálfstæðri vinnu nemenda (einn eða fleiri saman). Kennari er leiðbeinandi, hann er með innlögn/fyrirlestra þegar þess þarf. Þess á milli vinna nemendur margvísleg verkefni til að dýpka þekkingu sína. Að lokum koma nemendur þekkingu sinni á framfæri með ýmsu móti.

Lögð er áhersla á sam- og hópavinnu nemenda, gagnrýna hugsun, skapandi skil og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsaðlögun

Komið er til móts við þarfir hvers nemenda og í mörgum tilfellum getur námsefnið jafnvel verið í höndum nemenda þar sem þeir velja sitt efni út frá áhugasviði.

Nemendur hafa aðgang að námsefni á hljóðbókaformi.

Stuðst er við skapandi skil og kappkostað að kenna nemendum að notfæra sér þær þjargir sem til eru.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Samfélagsgreinar fyrir 10. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Samfélagsgreinar fyrir 10. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnfars.
- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.
- Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.
- Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.
- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.
- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.
- Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.
- Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.

- Greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- Lýst orsakasamhengi sögunnar (hvernig hún hefur mótast af ytri orsökum t.d. umhverfisþáttum, samfélagsskipulagi og hugmyndastefnum)
- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysaáhrifum í umhverfinu og náttúrunni.
- Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.

VS Samfélagsgreinar fyrir 10. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, (útskýrt hvernig sjálfsmýnd mótast af umhverfi, búsetu félagslegum aðstæðum, menningu, trúar- og lífsviðhorfum.)
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmýnd.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

VS Samfélagsgreinar fyrir 10. bekk - Félagshéimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinnu og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttisýnum hátt.

- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Sýnt tillitssemi í garð samferðafólks síns